

8. gr.

168

Dá skal sýslumaður, er honum hefur borizt skýrsla löggæzlumanna samkvæmt 3. gr., kveðja þá tvo menn úr hópi forstöðumanna samkomustaða, er um ræðir í 6. gr., á fund og skal hann þá ásamt þeim, eftir að þeir hafa kynnt sér skýrslu eftirlitsmanns, og sakadómsskýrslur séu þær fyrir hendi, ákveða, hvort mönnum þeim, er löggæzlumaður telur að hafi hegðað sér ósæmilega á skemmtun, verði bannaður aðgangur að dansskemmtun innan héraðsins og hve langan tíma.

Bann nefndarinnar skal tilkynnt skriflega öllum forstöðumönnum samkomustaða í héraðinu, löggæzlumönnum öllum, svo og manni þeim er banninu er beint gegn.

Meðan bannið gildir, ber forstöðumönnum samkomustaða og þjónustuliði þeirra að vera samhent löggæzlumönnum, um það að synja þeim mönnum, sem banni er beint gegn, um aðgang að skemmtunum þeim, sem haldnar eru, og það jafnt þótt þeir séu eigi undir áhrifum áfengis, er þeir æskja aðgangs.

9. gr.

Kostnaður sá, er leiðir af framkvæmd reglugerðar þessarar, greiðist að $\frac{3}{4}$ úr ríkissjóði, en að $\frac{1}{4}$ úr sjóði viðkomandi hreppa að því er laun löggæzlumanna snertir. En laun aðstoðarmanna greiði sá að hálfu, er skemmtunina heldur, en ríkissjóður að hálfu.

Ríkissjóður kostar að öllu leyti einkennisbúninga löggæzlumanna og einkennis-húfur og merki, svo og fræðslu löggæzlumanna og aðstoðarmanna þeirra, einnig ferðakostnað allan samkvæmt 5. gr.

Haldi utanhéraðsmaður eða félag dansskemmtun á samkomustað innan héraðs, má setja það að skilyrði fyrir skemmtanaleyfi, að sá aðili greiði hluta sveitar-sjóðs af kostnaði við eftirlitið með samkomunni.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 11. gr. laga nr. 50 1940, um lögreglu-menn, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Dómsmálaráðuneytið, 16. október 1957.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING

169

um umferð í Reykjavík.

18. okt.

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Reykjavíkur hefur verið ákveðinn *ein-stefnuakstur um Lindargötu* frá vestri til austurs milli Klappastígs og Frakkastígs.

Enn fremur hefur bæjarstjórn samþykkt að banna bifreiðastöður vestan megin í *Óðinsgötu*.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 18. október 1957.

Sigurjón Sigurðsson.